

Mál nr. 188/2010

M og vátryggingafélagið X v/ frítímaslysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu frítímaslysatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 15.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.7.2010.

Málsatvik.

Aðfaranótt 7.11.2009 varð M fyrir líkamsárás á Lækjartorgi í Reykjavík. Lögregla kom á vettvang og flutti M á slysadeild. Í skýrslu lögreglunnar um atvikið og tildrög þess er haft eftir M að hann hafi verið á gangi í miðborginni er hann hafi séð karlmann, B, ráðast á konu, E. M kvaðst starfa sem öryggisvörður og hann gæti ekki horft upp á menn ráðast að konum. Hafi hann því ráðist að B til að koma í veg fyrir frekari árás, en hann hefði verið sleginn í andlitið og hafi hann borið þess merki, verið hruflaður á enni og með glóðarauga. Eftir B er haft að hann hafi verið í heitum samræðum við E en þau væru par. Hann hafi ekki vitað fyrir en ráðist hafi verið aftan að sér. Hafi hann slegið M 3 til 4 högg í andlitið, en það hafi verið í sjálfsvörn. Þá er haft eftir E að hún og B hafi rifist harkalega en ekkert ofbeldi átt sér stað. Hún hafi ekki vitað fyrir en M hafi ráðist að B til að reyna að frelsa hana frá honum. Hún kvaðst kunna að meta háttsemina, en mat M á aðstæðum hafi verið algjörlega rangt þar sem hún hafi ekki verið í neinni hættu. Kvað hún málið allt einn stóran misskilning.

Í sjálfstæðri skýrslu sem M gaf hjá lögreglu 9.11.2009 kvaðst hann á leið sinni um Lækjartorg hafa séð til B og E og hafi B verið með báðar hendur á E og verið að hrista hana. Síndist honum að B ætlaði að fara að ráðast á hana af fullum þunga. Hafi hann gengið að E og spurt hvort ekki væri allt í lagi. Hann hafi ekkert yrt á B. Hafi B þá strax ráðist á M og hafi B slegið hann hnefahögg í andlitið svo hann hafi fallið niður. M hafi reynt að setja framhandleggi fyrir andlitið, en B hafi haldið áfram að kýla hann í andlitið. Hafi hann fengið á sig á annan tug högga sem komu mestmegnis á andlit hans og efri hluta líkamans. Hann hafi svo misst rænu.

M hlaut ýmsa áverka í andliti, svo sem á tönnum og heyrn. Hann hefur krafist bóta úr frítímaslysatryggingu sem er innifalin í fjölskyldutryggingu sem fjölskylda hans hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 4.7. í vátryggingarskilmálum um að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða m.a. í handalögmálum.

Álit.

Lýsing M á atvikum sem höfð er eftir honum í skýrslu lögreglu á vettvangi er skýr og er jafnframt í samræmi við frásagnir B og E af málsatvikum. Ekki eru efni til að draga í efa að frásögn M í lögregluskýrslunni sé frá honum komin og rétt sé eftir honum haft. Eins og atvikum er háttað í máli þessu þykir mega leggja þessa frásögn M af aðdraganda slyssins til grundvallar þegar metið er hvort bótaskylda hafi stofnast úr slysatryggingunni. Samkvæmt því réðst M á B í því skyni að varna því að B myndi vinna E mein. Hver svo sem tilgangur M var með atlögunni þá var hann þátttakandi í handalögmálum þegar B veitti honum högginn í höfuðið. Með því að svo var á M ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni, sbr. fyrrgreint ákvæði í gr. 4.7 í vátryggingarskilmálunum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.